



KVENRÉTTINDAFÉLAG
ÍSLANDS

Stofnað 27. janúar 1907
Hallveigarstöðum
Túngötu 14, 101 Reykjavík • Sími 551 8156
Netfang: krfi@krfi.is • Vefslóð: www.krfi.is

Alþingi
Erindi nr. P 138/482
komudagur 7.12.2009

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 7. desember 2009.

Umsögn KRFÍ um frumvarp til laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald (bann við nektarsýningum), nr. 85/2007.

Kvenréttindafélag Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp, þskj. 21 -21. mál, um breytingar á lögum nr. 85/2007.

Kvenréttindafélag Íslands styður frumvarpið heilshugar. Það er orðið löngu ljóst að vændi er stundað á nektardansstöðum hér á landi, enda hafa bæði viðskiptavinir og stúlkur sem þar hafa starfað staðfest það. Til að vinna á því alvarlega og alþjóðlega vandamáli sem mansal er verður að ráðast gegn vændi í leiðinni, viðurkenna eðli þess og orsakir og hafna misnotkun á þeim sem leiðst hafa í vændi sökum erfiðra aðstæðna. Jafnrétti kynja verður aldrei náð ef litið er á konur sem söluvöru og í því ljósi verður ekki séð hvernig leyfa megi nektarsýningar og annað það sem fram fer á nektardansstöðum.

Að öðru leyti vísar Kvenréttindafélag Íslands í fyrri umsögn sína með frumvarpinu sem fyrst var lagt fram á 136. löggjafarþinginu og veitti KRFÍ umsögn sína í bréfi dagsettu 3. apríl 2008.

f.h. Kvenréttindafélags Íslands

Halldóra Traustadóttir
framkvæmdastjóri